

# BA-ritgerðin mín: heiti, efnistöð og drög að kaflaskiptingu.

## Vinnuheiti: Mansal á íslenskum vinnumarkaði

### Spurningar sem ég ætla að leita svara við:

- Hvað er mansal og hvernig er það skilgreint?
- Hver er lagalegur skilningur á mansali?
- Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á mansali á vinnumarkaði á Íslandi?
- Er mansal algengara á einum stað en öðrum? Er það bundið við ákveðna atvinnugrein?
- Hverjir hafa helst afskipti af mansali og hvaða úrræði eru fyrir hendi?
- Hver er staða fyrirtækja sem stunda vinnumansal?

### Hugmynd um rannsóknaraðferð:

- Kanna hvað hefur verið skrifað fræðilega um efnið og kortleggja rannsóknir á þessu efni.
- Setja í samhengi við erlendar reglugerðir, t.d. frá ESB.
- Hafa uppi á fólki sem hefur reynslu af þessum málaflokki og leita upplýsinga hjá þeim, t.d. hjá stéttarfélögum, starfsgreinasambandinu, e.t.v. tala við lögfræðinga eða lögregluna um afskipti þeirra af þessum málum.

### Drög að kaflaskiptingu:

**1. Inngangur** - setja fram rannsóknarspurningu og ræða aðferðafræði (kannski hafa það sérkafla); segja frá efni ritgerðarinnar. Hugmynd að rannsóknarspurningu: Hver er staða mansals á vinnumarkaði á Íslandi?

**2. Mansal** - almennur inngangur um mansal

2.1 *Skilgreiningar*, bæði almennur skilnignur á hugtakinu og lagalegur (e.t.v. setja í samhengi við þrælshald fyrri alda).

2.2. *Opinberar samþykktir um mansal* - ath. með dæmi frá ESB eða öðrum samböndum og aðgerðaáætlanir.

2.3. *Ísland* - Er skilgreiningin öðruvísi á Íslandi en Evrópu? Hvaða lausnir eru fyrir hendi?

**3. Vinnumarkaðurinn** - skilgreining

3.1. *Stéttarfélög* - hlutverk þeirra

3.2 *Réttindi fólks á vinnumarkaði* - hvaða réttindi eru brotin þegar kemur að vinnumansali

**4. Vinnumansal á Íslandi** - hvar er það helst stundað og hversu mikið?

4.1 *Aðgerðir gegn mansali* - hvað hefur verið gert?

4.2 *Staða mansals* - hvað þarf að gera, hvernig er staðan nú? E.t.v. samanburður við önnur lönd, t.d. Norðurlöndin.

4.3 *Framtíðarhorfur* - hvernig er líklegt að þetta þróist miðað við núverandi stöðu, hvers vegna? hvað þarf að breytast?

**5. Lokaorð** - draga saman, benda á frekari rannsóknir sem þyrfti að gera.